

**Ed.**

**112. Frumvarp til laga**

[89. mál]

um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

**I. KAFLI**

**Um ákvörðun fiskverðs og stofnfjár sjóðs.**

**1. gr.**

Verðlagsráð sjávarútvegsins skal eins fljótt og við verður komið ákveða nýtt lágmarksverð á öllum tegundum sjávarafla, samkvæmt lögum nr. 97 18. desember 1961, um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Hið nýja verð skal taka gildi frá og með 15. nóvember 1968, og gilda ekki skemur en til loka fyrsta verðlagstímabils ársins 1969, sbr. 7. og 8. gr. reglugerðar, nr. 180 1962.

**2. gr.**

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn, eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða gjald til Stofnfjár sjóðs fiskiskipa, er nemi 10% fiskverðs eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Þó skal greiða 20% af verði síldar og humars. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur eða afhendir afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn. Greiðsla stofnfjargjalds kemur til framkvæmda við gildistöku nýs fiskverðs samkvæmt 1. gr. þessara laga. Um ráðstöfun tekna stofnfjár sjóðs fer eftir ákvæðum laga nr. 58 1. maí 1968, um Stofnfjár sjóð fiskiskipa. Ákvæði um innheimtu þessa gjalds skulu sett með reglugerð. Heimilt er sjávarútvegsmálaráðuneytinu að ákveða, að ekki skuli greiða gjald til Stofnfjár sjóðs, þegar afli er seldur til neyzlu innanlands.

**3. gr.**

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn, eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki hlutdeild í útgerðarkostnaði, er nemi 17% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn. Greiðsla kostnaðarhlutdeildar kemur til framkvæmda við gildistöku nýs fiskverðs samkvæmt 1. gr. þessara laga. Kostnaðarhlutdeild kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna, og gildir þetta einnig um alla ráðstöfun tekna úr Stofnfjár sjóði fiskiskipa.

#### 4. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í erlendri höfn, skal það greiða 22% af heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) aflans til Stofnfjár sjóðs fiskiskipa. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til sölu í erlendri höfn. Þessi greiðsla kemur til frádráttar frá heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) ásamt frádráttartölu kjarasamninga við ákvörðun aflaverðlauna, aukaafleverðlauna og hluts samkvæmt kjarasamningum. Heimilt er sjávarútvegsmálaráðuneytinu að lækka gjald þetta vegna hækkunar, er verða kann á öðrum gjöldum við sölu aflans.

#### 5. gr.

Í stað 4. gr. laga nr. 58 1. maí 1968, um Stofnfjár sjóð fiskiskipa, komi ný grein svo hljóðandi:

Stofnfjár sjóðsgjöld, er greiðast til Stofnfjár sjóðs fiskiskipa, skulu leggjast inn á reikning þess fiskiskips, sem aflað hefur þess hráefnis, sem gjaldið er greitt af. Hvert fiskiskip skal hafa sérreikning hjá sjóðnum. Sé innstæða á slíkum reikningi lengur en einn mánuð, skal Fiskveiðasjóður færa á reikninginn til tekna vexti, er séu ½% lægri á ári en innlánsvextir eru á almennum sparisjóðsbókum á hverjum tíma.

#### 6. gr.

Í stað 5. gr. laga nr. 58 1. maí 1968, um Stofnfjár sjóð fiskiskipa, komi ný grein svo hljóðandi:

Fiskifélag Íslands skal senda Fiskveiðasjóði hálfárslega skýrslu um afla og aflaverðmæti allra fiskiskipa, hvort sem afla þeirra er landað héraðs eða í erlendri höfn. Stjórn Fiskveiðasjóðs setur nánari reglur um þessa skýrslugerð í samráði við Fiskifélag Íslands.

#### 7. gr.

Í stað 6. gr. laga nr. 58 1. maí 1968, um Stofnfjár sjóð fiskiskipa, komi ný grein svo hljóðandi:

Þegar Fiskveiðasjóði hafa borizt skýrslur þær, er um ræðir í 5. gr., skal hann láta endurskoða greiðslur stofnfjár sjóðsgjalda á reikninga fiskiskipa og sannreyna, að þær greiðslur séu í samræmi við aflaverðmæti skipanna og þau stofnfjár sjóðsgjöld, sem af þeim ber að greiða. Framlagi ríkissjóðs 1968, 124 m.kr., ber að skipta á milli fiskiskipa í hlutfalli við aflaverðmæti skipanna frá 1. janúar til 14. nóvember 1968 samkvæmt skýrslum Fiskifélags Íslands.

#### 8. gr.

Stjórn Aflatryggingasjóðs er heimilt að ákveða, að bætur til togara úr sjóðnum vegna aflabrests skuli miðast við úthaldstíma þeirra á því ári, sem bæturnar eru greiddar fyrir, svo og að setja um þetta nánari reglur með samþykki sjávarútvegsmálaráðuneytisins.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Hafi fiskiskip verið í leigu hinn 15. nóvember 1968, og hafi leigan verið miðuð við það, að leigutaki greiddi vexti og afborganir af stofnlánum skipsins, skal leigufjárhæðin lækka sem svarar greiðslum inn á reikning skipsins hjá Stofnfjár sjóði fiskiskipa á leigutímanum.

## II. KAFLI

### Um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

#### 9. gr.

2. gr. laga nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, orðist svo:

Útflutningsgjald af sjávarafurðum samkvæmt lögum þessum greiðist sem hér segir:

1. Kr. 1 360.00 á hvert útflutt tonn greiðist af freðfiskflökum, frystum hrognum, verkuðum saltfiski, verkuðum og óverkuðum saltfiskflökum, söltuðum þunnildum, söltuðum hrognum, saltbitum, söltuðum og frystum gellum, skreið, hertum þorskhausum og niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum.

Nemi gjald samkvæmt þessum tölulíð meiru en svarar 5% af fob-verðmæti útfluttrar sjávarvöru, er heimilt að fella niður þann hluta gjaldsins, sem er umfram þetta mark.

2. 3% gjald af fob-verðmæti greiðist af heilfrystum fiski, frystum fiskúrgangi, frystum humar, frystri rækju, frystri loðnu, loðnumjöli, loðnulýsi og hertum sjávardýraolíum.
3. 5% gjald af fob-verðmæti greiðist af hvalafurðum, öðrum en niðursoðnum eða niðurlögðum.
4. 6% gjald af fob-verðmæti greiðist af fiskimjöli, karfamjöli, humarmjöli, rækju-mjöli, lifrarmjöli, þorskalýsi, karfalýsi, heilfrystri sild, frystum síldarflökum og öðrum þeim sjávarafurðum, sem ekki eru sérstaklega taldar í þessari grein.
5. 7% gjald af fob-verðmæti greiðist af óverkuðum saltfiski og nýjum og ísvörðum fiski.

Þó getur sjávarútvegsmálaráðuneytið ákveðið, að útflutningsgjald af nýrri og ísaðri sild skuli vera allt að því eins hátt og greitt mundi við sams konar verkun hennar hér á landi og hún fer til erlendis, sbr. 4. og 6. tl. þessarar greinar.

6. 8% gjald af fob-verðmæti greiðist af síldarmjöli, síldarsoðkjarna, síldarlýsi og saltsild.
7. Útflutningsgjald greiðist ekki af selafurðum.

Niðurlagðar vörur, sbr. 1. tl., 1. mgr., skulu teljast vörur, sem lagðar eru niður tilbúnar til neyzlu og hafa innihald 10 kg nettó eða minna. Þó skulu vörur taldar niðurlagðar, sem lagðar eru fullverkaðar niður í stærri ílát, ef útflytjandi sannar, að hráefnisverðmæti hinnar útfluttu vöru sé minna en  $\frac{1}{4}$  hluti útflutningsverðmætisins.

Þegar íslensk fiskiskip selja gjaldskyldar sjávarafurðir í erlendri höfn, nýjar eða unnar, hvort heldur er af eigin afla eða annarra skipa, skulu ofangreind gjöld af verðmæti reiknast af heildarsöluverðmæti í erlendri höfn (brúttósöluverðmæti) að frádragnum tollum og öðrum kostnaði við löndun og sölu.

#### 10. gr.

3. gr. laga nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, orðist svo:

Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjalds samkvæmt 2. gr., og skiptast tekjur af því sem hér segir:

1. Til greiðslu á váttryggingariðgjöldum fiskiskipa samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsmálaráðuneytið setur .....	80.0%
2. Til Fiskveiðasjóðs Íslands .....	12.7%
3. Til Fiskimálasjóðs .....	3.5%
4. Til byggingar haf- og fiskirannsóknarskips .....	2.0%
5. Til byggingar rannsóknarstofnana sjávarútvegsins .....	0.8%
6. Til Landssambands ísl. útvegsmanna .....	0.5%
7. Til samtaka sjómanna, skv. reglum, sem sjávarútvegsmálaráðuneytið setur .....	0.5%

Í þeim reglum um greiðslu á váttryggingariðgjöldum fiskiskipa, er um getur í 1. tl., 1. mgr. þessarar gr., má m. a. setja það sem skilyrði fyrir greiðslu iðgjalds, að hlutaðeigandi tryggingafélag sé aðili að endurtryggingasamtökum félaganna og hlíti tilteknum reglum um ákvörðun iðgjalda, tryggingarskilmála og váttryggingarfjárhæða.

Heimilt er að undanþiggja hvalveiðiskip þessum skilyrðum og jafnframt að endurgreiða til þeirra hlut Tryggingasjóðs fiskiskipa í útflutningsgjaldinu í stað greiðslu iðgjalda.

11. gr.

Á eftir 2. mgr. 4. gr. laga nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú sannar sendandi, áður en 6 mánuðir eru liðnir frá útgáfudegi farmskírteinis, að verð það, sem lögreglustjóri eða innheimtumaður ríkissjóðs hefur sett á útfluttar óseldar sjávarafurðir, sé hærra en hann hefur selt þær fyrir, og er þá fjármálaráðuneytinu rétt að endurgreiða tilsvareandi mismun útflutningsgjaldsins, enda liggi fyrir staðfesting viðskiptaráðuneytisins á því, að leyfi til að selja við hinu lægra verði hafi verið veitt.

12. gr.

5. gr. laga nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, orðist svo:

Útflutningsgjald fellur í gjalddaga um leið og skip er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda, ef engrar afgreiðslu er beiðzt. Sjávarútvegsmálaráðuneytið getur þó ákveðið, að útflytjendur skuli greiða  $\frac{1}{3}$  hluta gjaldsins um leið og útflutningsskjöl eru afhent, en jafnframt afhendi þeir tollyfirvaldi ávisun á væntanlegt gjaldeyrisandvirði fyrir  $\frac{2}{3}$  hlutum gjaldsins.

13. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast gildi þegar í stað og taka til útflutnings sjávarafurða framleiddra frá og með 15. nóvember 1968.

Ákvæði til bráðabirgða.

Sjávarafurðir framleiddar til og með 14. nóvember 1968 eru gjaldskyldar samkvæmt lögum nr. 53 2. maí 1968, og fer skipting þess eftir þeim lögum. Skulu gjöld af fob-verðmæti þeirrar framleiðslu miðuð við það gengi, er gildi til 11. nóvember 1968, enda hafi afurðirnar ekki verið undanþegnar greiðslu mismunar hins nýja gengis og hins eldra í gengishagnaðarsjóð.

Útflutningsgjald af söltuðum hrognum samkvæmt 2. gr. laganna skal ekki greitt af söltuðum grásleppuhrognum af framleiðslu ársins 1968.

III. KAFLI

Um ráðstöfun gengishagnaðar.

14. gr.

Fé það, sem kemur vegna útfluttra sjávarafurða á reikning ríkissjóðs í Seðlabankanum, samkvæmt ákvæði 4. gr. laga nr. 74/1968, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenskrar krónu, skal lagt í sérstakan gengishagnaðarsjóð, er varið skal í þágu sjávarútvegsins skv. 16. gr. þessara laga, og skal sjóður þessi vera í vörzlu Seðlabankans. Áður en umrætt fé er greitt í gengishagnaðarsjóð skal samkvæmt ákvörðun sjávarútvegsmálaráðuneytisins greiða af því það, sem talið er í liðum a—f þessarar greinar:

- a) Hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem framleiddar hafa verið fyrir 15. nóvember 1968, en fluttar út eftir gengisbreytinguna.
- b) Allt að 30 m.kr. í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins til greiðslu verðbóta vegna framleiðslu frystra fiskafurða ársins 1968.
- c) Allt að 40 m.kr. til greiðslu uppbóta á saltfisk vegna framleiðslu ársins 1968.

- d) Allt að 3 m.kr. til framleiðenda saltsildar vegna kostnaðarauka, sem hlýzt af gengisbreytingunni, við framleiðslu sildar, sem söltuð var fyrir 15. nóvember 1968.
- e) Allt að 20 m.kr., sem rekstrarstyrk til togara á árinu 1968.
- f) Útflutningsgjald samkvæmt lögum nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum með áorðnum breytingum, að þeim hluta, sem það er lagt á verðmætishækkun vegna gengisbreytingarinnar á útflutningi, sem hefur átt sér stað frá og með 15. nóvember 1968. Þetta gildir þó ekki þegar útflutningur hefur verið undanþeginn kvöðinni um að greiða mismun hins nýja gengis og hins eldra í gengishagnaðarsjóð, enda greiðist útflutningsgjald þá af öllu andvirði vörunnar. Sömu reglur gilda um gjald til Aflatryggingasjóðs samkvæmt 1. tölulið 9. gr. laga nr. 77 28. apríl 1962, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, svo og gjald samkvæmt 18. gr. laga nr. 55 2. maí 1968, um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum, og gjald samkvæmt lögum nr. 40 7. maí 1966, um smíði sildarleitarskipa og um sildargjald. Útflutningsgjöld, sem ákveðin eru í krónutölu á smálest, skulu hækkuð til samræmis við gengisbreytinguna. Um ráðstöfun útflutningsgjaldsins fer eftir 2. gr. laga nr. 53 2. maí 1968, um breytingu á fyrrgreindum lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

#### 15. gr.

Fé, sem inn kemur vegna sölu skreiðar, samkvæmt 1. málsgr. 14. gr., skal lagt til hliðar á sérstakan reikning í Seðlabankanum, og skal sjávarútvegsráðuneytinu heimilt að ráðstafa því til styrktar skreiðarframleiðendum með hliðsjón af söluverði skreiðarinnar og kostnaði, sem á hana hefur fallið. Verði afgangur af þessu fé, þá gangi hann til gengishagnaðarsjóðs.

#### 16. gr.

Gengishagnaðarsjóði skal ríkisstjórnin ráðstafa í þágu sjávarútvegsins sem hér segir:

- a) Allt að 34.5% gangi til greiðslu hluta gengistaps af lánnum vegna fiskiskipa, sem byggð hafa verið erlendis, svo og sildarflutningaskipa.  
Stjórn Fiskveiðasjóðs annast framkvæmd greiðslna þessara samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur, að fenginni umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna.
- b) Allt að 16.4% gangi til þess að auðvelda sildveiðibátum, sem stunduðu veiðar á Norðausturmiðum sumarið og haustið 1968 að standa í skilum með greiðslu vaxta og afborgana af stofnlánnum frá árinu 1968 með öðrum hætti en nýjum lánnum eða frestun afborgana. Sjávarútvegsráðuneytið setur reglur um greiðslur þessar, að fenginni umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna.
- c) Allt að 13.5% gangi til þess að auðvelda sildarverksmiðjum, sem starfræktar voru til móttöku sildar af Norðausturmiðum á sumar- og haustvertíð 1968, að standa í skilum með greiðslu vaxta og afborgana af stofnlánnum, eftir nánari ákvörðun sjávarútvegsráðuneytisins og að höfðu samráði við fulltrúa sildarverksmiðjanna.  
Enn fremur er heimilt að greiða af þessu fé til stuðnings Sildarverksmiðjum ríkisins vegna reksturs leiguskipa til sildarflutninga á sumarvertíð 1968, eftir ákvörðun sjávarútvegsráðuneytisins.
- d) Allt að 18.2% gangi til greiðslu á váttryggingariðgjöldum fiskiskipa.
- e) Afgangur gengishagnaðarsjóðs rennur til Fiskveiðasjóðs til veitingar stofnlána til holfiskvinnslu, eftir reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur.

#### 17. gr.

Ákvæði 4. gr. laga nr. 69 25. nóvember 1967, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenskrar krónu, er úr gildi felld, að því er tekur til afurða, sem greiddar eru frá og með 15. nóvember 1968.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þetta frumvarp felur í sér tillögur um ráðstafanir í sjávarútvegi, er gera verður vegna nýs gengis íslenzkrar krónu, er tók gildi hinn 12. nóv. s. l. Fjalla þessar tillögur um, ákvörðun nýs fiskverðs og stofnfjársljóð, um breytingu útflutningsgjalda og um ráðstöfun gengishagnaðar af birgðum útflutningsafurða. Fjalla þrjár kaflar frumvarpsins um hvern þessara þriggja þátta.

#### Um I. kafla.

Það lágmarksverð á fiski, sem nú er í gildi, og ákveðið var fyrr á árinu 1968, er að sjálfsögðu miðað við þær aðstæður, sem ríkjandi voru fyrir gengisbreytinguna. Nauðsyn ber því til, að nýtt lágmarksverð sé ákveðið hið fyrsta, er gildi frá og með 15. nóvember. Jafnframt er nauðsynlegt að tryggja það, að gengisbreytingin leiði til þess, að útgerðarfyrirtæki geti staðið undir stofnfjáarkostnaði sínum og auknum rekstrarkostnaði, sem af gengisbreytingunni leiðir, án þess að afkomu fiskvinnslustöðva sé teft í tvísýnu. Í þessu skyni er lagt til, að fiskkaupandi greiði tiltekið gjald til Stofnfjársljóðs fiskiskipa, er fyrst og fremst sé varið til greiðslu afborgana og vaxta af stofnlánum, og enn fremur að fiskkaupandi greiði útgerðarfyrirtæki tiltekna hlutdeild í útgerðarkostnaði, er miðuð sé við þann kostnaðarauka, sem af gengisbreytingunni leiðir.

#### Um 1. gr.

Þessi grein kveður á um ákvörðun nýs lágmarksverðs á fiski. Er ætlunin, að Verðlagsráð sjávarútvegsins ákveði hið fyrsta nýtt verð fyrir allar tegundir, sem veiddar eru á þessum árstíma, og gildi það verð ekki skemur en til loka fyrsta verðtímabils ársins 1969. Fyrir þær tegundir, sem ekki eru veiddar á þessum árstíma, myndi nýtt verð ekki ákveðið fyrr en þess gerist þörf.

#### Um 2. gr.

Þessi grein kveður á um greiðslu stofnfjárgjalds, er fiskkaupandi greiðir til Stofnfjársljóðs fiskiskipa. Er gert ráð fyrir, að gjaldið nemi 10% af fiskverði, eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins, fyrir allar aðrar tegundir fisks og krabbadýra en síld og humar, en fyrir þær nemi það 20%. Gert er ráð fyrir, að tekjur af stofnfjársljóðsgjaldi muni nema 300 til 400 m.kr. á ári eftir aflabrögðum. Er þetta talsvert lægri upphæð en afborganir og vextir af stofnlánum fiskiskipaflotans, sem nema yfir 400 m.kr. Ætlunin er, að ráðstöfun tekna stofnfjársljóðs af stofnfjárgjöldum fari að öllu leyti eftir nógildandi ákvæðum laga nr. 58, 1. maí 1968, um Stofnfjársljóð fiskiskipa. Munu þau stofnfjárgjöld, er greiðast af afla hvers fiskiskips, verða greidd inn á reikning skipsins í stofnfjársljóði. Innstæðan á þeim reikningi verður síðan notuð fyrst og fremst til greiðslu afborgana og vaxta af lánum skipsins í Fiskveiðasjóði. Sé afgangur á reikningnum að þessu loknu, má hann notast til greiðslu afborgana og vaxta af stofnlánum eða öðrum skuldum hjá öðrum opinberum sjóðum. Notist innstæðan ekki til þessara þarfa, má heimila notkun hennar til greiðslu endurbóta skips eða til greiðslu kostnaðar við kaup á nýju skipi eða aðrar meiriháttar framkvæmdir í sjávarútvegi. Sé ekki ástæða til að ætla, að þörf sé á innstæðunni til þessara þarfa, er heimilt að greiða hana innstæðueiganda. Gert er ráð fyrir, að innheimta gjaldsins fari fram við veðsetningu afurða. Hins vegar eru ekki sett ákvæði um þetta í frumvarpið, heldur er gert ráð fyrir, að þau ákvæði verði sett með reglugerð. Athugun hefur farið fram á því, hvernig þessari framkvæmd verði bezt hagað, og eru fulltrúar útvegsmanna og fiskkaupenda, ásamt starfsmönnum banka og starfsmönnum Fiskifélags Íslands, sem þessi mál hafa verið rædd við, á einu máli um, að framkvæmd innheimtunnar geti orðið tiltölulega einföld og auðvelt sé að fella hana inn í það kerfi veðsetningar og

gjalddeyrisskila, sem nú eru fyrir hendi. Erfitt getur hins vegar orðið að innheimta gjaldið, þegar fiskur er seldur til neyzlu innanlands. Þar sem undanþágur frá gjaldinu geta aftur á móti leitt til ýmissa vandkvæða, er hér lagt til, að sjávarútvegsmálaráðuneytinu sé veitt heimild til að undanþiggja neyzlufisk gjaldi þessu. Ákvörðun um notkun undanþágunnar yrði tekin eftir að frekari athugun málsins hefði farið fram.

#### Um 3. gr.

Þessi grein fjallar um þá hlutdeild í útgerðarkostnaði, sem ætlazt er til, að fiskkaupandi greiði útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki, þegar fiskkaup fara fram. Er lagt til, að þessi hlutdeild verði 17% af fiskverði eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Er sú tillaga byggð á þeirri hækkun útgerðarkostnaðar, sem gera má ráð fyrir, að breyting gengisins hafi í för með sér, en hún er áætluð 18—20% á þorskveiðum báta miðað við núgildandi fiskverð. Í öðrum veiðum, einkum síldveiðum en einnig þorskveiðum togara, er kostnaðarhækkunin nokkru meiri en þetta. Eigi að síður er lagt til, að kostnaðarhlutdeildin sé sú sama í öllum veiðum, og er þá höfð hliðsjón af því, að lagt er til, að stofnfjár sjóðsgjaldið verði hærra fyrir síldveiðar en þorskveiðar. Þessi grein kveður einnig á um, að hvorki kostnaðarhlutdeildin né ráðstöfun tekna úr stofnfjár sjóði skuli koma til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

#### Um 4. gr.

Þessi grein fjallar um greiðslu stofnfjargjalds af sölu fisks í erlendri höfn. Er lagt til, að það gjald verði 22% af heildsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti). Á hinn bóginn er ekki um neina kostnaðarhlutdeild að ræða, þegar selt er erlendis. Þar sem hækkunir á öðrum gjöldum á þessar sölur, svo sem á útflutningsgjöldum eða tollum, gætu gert það að verkum, að stofnfjargjaldið yrði óeðlilega hátt, er í greininni heimild til sjávarútvegsmálaráðuneytisins til að lækka gjaldið vegna hækkunar á öðrum gjöldum.

#### Um 5., 6. og 7. gr.

Þessar greinar fela í sér breytingar á 4., 5. og 6. gr. laga nr. 58 1. maí 1968, um Stofnfjár sjóð fiskiskipa. eru þessar breytingar nauðsynlegar vegna þeirra tekna, er sjóðurinn nú mun fá af stofnfjargjaldi, og þess innheimtufyrirkomulags, sem fyrirhugað er og lýst var í aðalatriðum í athugasemdum við 2. gr. Myndi hin nýja 4. gr. laganna kveða á um reikninga fiskiskipa hjá stofnfjár sjóði, um greiðslu stofnfjargjalda inn á þá reikninga og um vexti af innstæðum á reikningunum. Í 5. gr. laganna myndu vera ákvæði um skýrslur Fiskifélags Íslands um afla og aflaverðmæti fiskiskipa, sem nú myndu verða sendar Fiskveiðasjóði hálfárslega í stað ársfjórðungslega áður, og sem nú myndu ná til allra fiskiskipa og til landana bæði innanlands og erlendis. Í 6. gr. laganna myndi kveðið á um notkun skýrslna Fiskifélagsins til endurskoðunar á stofnfjár sjóðsgjöldum. Þá myndi þessi grein einnig fela í sér ákvæði um það, að skipting framlags ríkissjóðs til stofnfjár sjóðs á árinu 1968, 124 m.kr., skuli miðast við aflann frá 1. janúar til 14. nóvember, en ekki við aflann á öllu árinu. Er stungið upp á þessari tilhögun í samræmi við óskir Landsambands íslenzkra útvegsmanna.

#### Um 8. gr.

Hér er um að ræða ákvæði um bætur til togara úr Aflatryggingasjóði, sem verið hefur í gildi á undanförunum árum, en hefur aðeins verið lögfest til eins árs í senn. Fyrir árið 1967 er þetta ákvæði að finna í 4. gr. laga, nr. 79, 29. desember 1967, um ráðstöfun á gengishagnaði af útfluttum sjávarafurðum o. fl. Hér er ákveðið orðað þannig, að það gildi ekki aðeins til eins árs í senn, heldur sé heimild, sem gildi um ótiltekinn tíma.

#### Um ákvæði til bráðabirgða.

Þetta ákvæði fjallar um fiskiskip, sem eru í leigu þann 15. nóvember 1968. Er það hliðstætt bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 58 1. maí 1968, um Stofnfjár sjóð fiskiskipa.

## Um II. kafla.

Jafnframt því að tekjur sjávarútvegsins hafa skerzt stórlega af völdum áframhaldandi verðfalls afurðanna og aflabrests á sildveiðum, hafa tekjur til sameiginlegra þarfa sjávarútvegsins, teknar með útflutningsgjaldi, skerzt í tilsvarendi mæli. Við upphaf ársins 1968 var áætlað, að tekjur af útflutningsgjaldi af framleiðslu ársins 1968 mundu nema 277 m.kr. Í ágústmánuði s. l. var þessi áætlun færð niður í 198 m.kr., en nú er enn sýnt, að sú áætlun muni ekki standast. Þeir aðilar, er skipta með sér útflutningsgjaldinu, hafa beðið alvarlegan hnekki af þessum sökum. Stórfelldast hefur þó verið vandamál Tryggingasjóðs fiskiskipa. Var áætlað, að í hans hlut kæmu 213 m.kr. af útflutningsgjaldi af framleiðslu ársins, en 153 m.kr. miðað við síðari áætlunina.

Tekjur þessar myndu engan veginn hafa verið fullnægjandi til þess að standa straum af útgjöldum Tryggingasjóðs, og það þótt miðað væri við hina fyrri og hærri áætlun. Skipaði sjávarútvegsráðgjafar nefnd í apríl s. l. til þess að gera tillögur um ráðstafanir til að draga úr útgjöldum sjóðsins. Hafa sumar af tillögum nefndarinnar þegar komið til framkvæmda á yfirstandandi ári, en að mestu varð nefndin þó að láta nægja að stefna að sparnaði á komandi ári og framvegis. Eru tillögur nefndarinnar nú að koma fram, þ. á m. heimildarákvæði 10. gr. þessa frumvarps um setningu reglna um fyrirkomulag fiskiskipatrygginga. Til þess að jafna halla sjóðsins og greiða fyrir uppgjöri við tryggingaraðila var tekið lán í Seðlabankanum, að upphæð 66 m.kr., en síðan hafa tekjur brugðizt, svo sem að framan segir.

Við breytinguna til hins nýja gengis, ásamt hækkun magngjalds í sama hlutfalli, hækka tekjur af útflutningsgjaldi upp í 323 m.kr., úr 209 m.kr. við óbreyttu gengi, miðað við þá framleiðsluáætlun, fyrir árið 1969, sem nú er talin sennilegust (auðkennd 1969/2 í gögnum frá Efnahagsstofnuninni). Hlutdeild Tryggingasjóðs í þessum tekjum nægir engan veginn til að standa undir útgjöldum hans, enda þótt reiknað sé með fyllsta sparnaði og með jöfnun skulda af gengishagnaði. Væri mjög óvarlegt að gera ráð fyrir minni hækkun tekna sjóðsins en um 50 m.kr. í þessu skyni, enda hlyti fjárskortur sjóðsins að koma niður á fiskiskipaflotanum í lækkunum greiðslum iðgjalda. Er því með frumvarpi þessu lagt til, að heildartekjur af útflutningsgjaldi samkvæmt framangreindri áætlun hækki upp í 371.4 m.kr. eða um 48 m.kr. frá niðurstöðu af beinum umreikningi samkvæmt gengi. Nánar er greint frá breytttri skiptingu gjaldsins hér á eftir.

Þýðingarmikið er að skipta hækkun gjaldanna þannig á afurðir, að tekjurnar dreifist jafnar á þær en verið hefur og verði öruggari tekjustofn, en nú er hlutfallslega mjög mikill hluti gjaldsins tekjur af sildarafurðum. Jafnframt myndast betra samræmi milli gjaldanna og þeirra hagsmuna, er hver veiðigrein hefur af gjaldinu. Til þess að ná þessum árangri hefur bein hækkun gjaldsins verið látin koma niður á afurðum þorskafla. Jafnframt er lögð til nokkur lækkun gjalds af sildarafurðum.

## Um 9. gr.

Þar sem svo almennt tilefni gefst nú til endurskoðunar á útflutningsgjaldinu, hefur verið leitast við að færa gjaldskrána til betra innbyrðis samræmis en áður. Jafnframt verður að sjálfsögðu að taka tillit til mismunandi afkomu og gjaldþols framleiðslugreinanna, hráefnisverðmætis, sem innifalið er í afurðunum og til stærðar og dýrleika þess flota, er aflar hverrar tegundar hráefnis.

Magngjaldið er nú látið ná til fleiri tegunda en áður, þ. e. saltaðra þunnilda, saltaðra hrogna og niðursoðinna og niðurlagðra afurða, jafnframt því að það er hækkað verulega, úr 530,00 kr. í 1360,00 kr. pr. tonn. Undir það fellur mestallur þorskafla annar en ísfiskur og óverkaður saltfiskur. Meðalhlutfall gjaldsins miðað við fob-verðmæti hækkar úr 2.0% í 3.2%. Aukning tekna umfram beinan umreikning við gengisbreytinguna nemur 34.8 m.kr. samkvæmt áætlun. Fellur hækkunin



að langsmestu leyti á afurðir frystihúsa. Niðursoðnar og niðurlagðar afurðir, er hafa verið gjaldfrjálsar, eru nú færðar undir magngjaldið. Er nauðsynlegt að tryggja sjávarútveginum þennan gjaldstofn að rétttri tiltölu við hráefnisinnihald afurða, enda þótt þær séu fullunnar. Þess ber að gæta, að magngjaldið fellur á nettóþunga afurðanna, en ekki á umbúðir, sem eru tiltölulega þungar, að því er niðursoðnar og niðurlagðar afurðir snertir.

Undir 3% gjald eru settar afurðir, er ættu af ýmsum ástæðum að bera einna lægst gjald hlutfallslega og eiga ekki heima í magngjaldflokki sökum hlutfallslega mikillar þyngdar samanborið við verð, auk þess sem ekki er heldur um mismunandi vinnslustig að ræða innan þessara afurða, er geri magngjaldsfyrirkomulag eðlilegt. Rækjan, er áður bar hverfandi lítið gjald af magni, hefur verið færð í þennan flokk, og enn fremur heilfrystur fiskur og frystur fiskúrgangur, úr 4.2% gjaldi, en þessar afurðir eru nú ekki taldar svo ábatavænlegar, sem áður var talið, og fryst loðna, sem bar 6% gjald. Við þessar breytingar fellur 4.2% gjaldflokkurinn niður. Þá eru hertar sjávardýraoliur einnig settar í þennan flokk. Mun gjaldið þá vera nærri því að samsvara gjaldi af lýsisinnihaldi þeirra.

Með færslu hvalafurða úr 6% gjaldi í 5% gjald er komið nokkuð til móts við kvartanir um misræmi milli réttinda og skyldna hvalveiðanna í gjaldkerfinu. En 6% flokkurinn hefur aðeins breytzt við færslu afurða til annarra flokka.

Lagt er til, að nýr flokkur með 7% verðmætisgjaldi verði myndaður og falli undir hann nýr og ísvarinn fiskur, er áður var í 6% gjaldi, og óverkaður saltfiskur úr 3.5% gjaldi. Með þessum breytingum, er samkvæmt áætlun aflað 36.5 m.kr. umfram hlutfallslega aukningu miðað við gengi. Hlutfallslega meiri hækkun þessara afurða en annarra stendur í sambandi við tiltölulega hagstæða afkomu í framleiðslu þessara afurða af völdum gengisbreytingarinnar, auk þess sem um lítt unnar eða óunnar afurðir er að ræða.

Lagt er til, að sett verði heimildarákvæði um hækkun gjalds af sild landaðri erlendis. Er heimild til sveigjanlegrar ákvörðunar þess bráðnauðsynleg vegna samræmis við gjöld af sild unninni hér. En miðað við hráefnisverðmæti mun það væntanlega geta orðið 13—14% af hráefni bræðslusildar, en um eða yfir 20% af hráefni saltsildar. Verði brögð að löndun síldar erlendis, mun verða óhjákvæmilegt að nota heimildina, bæði til að bæta upp missi gjalda af vinnsluafurðunum, svo og til þess að tryggja atvinnu í vinnslugreinum og afkomu þeirra.

Gjald af síldarmjöli og síldarlýsi, 8%, er lagt til, að verði óbreytt. En gjald af saltsild er nú mjög hátt, einkum að tiltölu við hráefnisverðmæti. Er því lagt til, að það verði lækkað niður í 8%, enda þótt gjaldstofninn þoli tæplega þá lækkun, og það hafi í för með sér, að seilast verði mjög langt til sparnaðar í greiðslu tryggingariðgjalda fiskiskipa.

Að undanförunu hafa skip, er sigla með afla, fengið mjög hagstæðan frádrátt reiknaðra flutningsgjalda. Er þetta með öllu ástæðulaust, þar sem þau njóta fullra réttinda í tryggingum sem fiskiskip á siglingunni. Mikil aukning getur orðið á siglingu með ýmiss konar afla, nýjan, ísaðan og saltaðan, og því mjög varhugavert að undanskilja mikinn hluta verðmætisins frá gjöldum, jafnframt því að þá er að því stuðlað, að vinnslunni sé beint út úr landinu. Er því lagt til, að miðað verði við heildarsöluverðmæti í erlendri höfn að fráregnum tollum og öðrum beinum kostnaði við löndun og sölu. Kemur það heim við þann grundvöll útflutningsskýrslna, sem Hagstofan notar nú. Séu tilsvarendi afurðir hins vegar útfluttar með farmskipum, miðast gjaldið við fob-verðmæti.

Auk útflutningsgjaldsins sjálfs eru innheimt gjöld til Aflatryggingasjóðs, 1.25% og til ferskfiskeftirlits 0.15%, og er ekki lagt til að þeim verði breytt, né heldur framlögum til síldarleitarskips 0.2—0.3%.

Hér fer á eftir samandregið yfirlit um tekjur eftir gjaldflokkum, taldar í milljónum króna:

Gjaldflokkar afurða samkvæmt tillögum frumvarpsins	Áætl. verð- mæti fob, nýtt gengi	Útflutningsgjald m.v. áætlun			
		Samkvæmt tillögum frumvarps	Gildandi <sup>1)</sup> gjald um- reikn. skv. nýju gengi	Gildandi gjald m.v. fyrra gengi	
1. Magngjald .....	2 852,9	92.5	57.7	37.4	
2. 3% gjald .....	493,1	14.8	17.0	11.0	
3. 5% gjald .....	78,3	3.9	4.7	3.0	
4. 6% gjald .....	464,9	27.9	27.9	18.1	
5. 7% gjald .....	1 254,7	87.8	51.3	33.2	
6. 8% gjald .....	1 805,8	144.5	164.7	106.7	
	Alls	6 949,7	371.4	323.3	209.4
Þar af:					
Porskaflaafurðir .....	4 501,4	203.7	135.0	87.4	
Sildar- og loðnuafurðir .....	2 066,3	155.8	176.9	114.6	
Aðrar og ósundurgr. afurðir ..	382,0	11.9	11.4	7.4	
	Hlutfallsleg skipting	Hlutfall af fob-verðmæti			
Porskaflaafurðir .....	64.8%	4.5%	3.0%	3.0%	
Sildar- og loðnuafurðir .....	29.7%	7.5%	8.6%	8.6%	
Aðrar og ósundurgr. afurðir ..	5.5%	3.1%	3.0%	3.0%	
Magngjald, kr. pr. tonn .....		1 360.00	818.00 <sup>1)</sup>	530.00	
Magngjaldsflokkur, meðalgjald- hlutfall af fob-verðmæti .....		3.2%	2.0%	2.0%	

#### Um 10. gr.

Skipting tekna af útflutningsgjaldi breytist einkum við það, að Tryggingasjóði fiskiskipa verður að ætla meiri tekjur en svari til hækkunar af völdum gengisbreytingarinnar. En auk þess þarf með tilliti til hins mikla kostnaðar, sem áætlaður er við byggingu haf- og fiskirannsóknaskips, að hækka framlag til þess verulega. Miðað er við, að aðrir aðilar fái í sinn hlut álika háa eða nokkru hærri fjárhæð í krónum, en gert var ráð fyrir með fyrri áætlun fyrir árið 1968.

Hér fer á eftir yfirlit yfir tilætlaða skipting teknanna:

	Núgildandi hlutföll	Hlutföll samkvæmt frumvarpi	Skipting tekna skv. frumvarpi m.kr.
Tryggingasjóður fiskiskipa .....	76.90%	80.0%	297.1
Fiskveiðasjóður .....	14.50%	12.7%	47.2
Fiskimálasjóður .....	4.98%	3.5%	13.0
Bygging haf- og fiskirannsóknaskips .....	1.29%	2.0%	7.4
Bygg. rannsóknastofnana sjávarútvegsins .	0.99%	0.8%	3.0
Landssamb. isl. útvegsmanna .....	0.67%	0.5%	1.9
Samtök sjómanna .....	0.67%	0.5%	1.9
	100.0%	100.0%	371.4

Heimildarákvæði þess efnis, að sjávarútvegsmálaráðuneytið geti sett reglur um endurtryggingasamtök fiskiskipatrygginga og ákvörðun iðgjalda og annarra skilmála, er borið fram að frumkvæði nefndar, sem ráðherra skipaði til að gera tillögur til að draga úr útgjöldum Tryggingasjóðs.

Vátrygging hvalveiðiskipanna er þó með sérstökum hætti, sem líkur eru á, að verði haldið áfram. En á undanförunum árum hefur mismunur tekna og útgjalda

1) Magngjald einnig umreiknað skv. gengi.

vegna hvalafurða komið sem skattur á þessa framleiðslugrein. Með tilliti til sérstöðu þessarar greinar og ótryggra afkomuhorfa, má telja óeðlilegt að halda áfram skattlagningu af þessu tagi. Er því lagt til, að heimilt sé að undanþiggja hvalveiðiskip ofangreindum skilyrðum um tryggingar og að endurgreiða hlutdeild hvalafurða í tekjum Tryggingasjóðs í stað greiðslu iðgjalda. Gæti þessi tilslökun numið nálægt 2 m.kr.

Um 11. gr.

Sama ákvæði var í lögum nr. 66 25. júní 1967, en það var síðar felld úr gildi. Tollyfirvöld telja rétt, að það sé aftur sett í lög, en til þess að fyrirbyggja misnotkun ákvæðisins er nú bætt við því skilyrði, að viðskiptaráðuneytið staðfesti, að heimilt hafi verið að selja við því lægra verði, sem miða skal við.

Um 12. gr.

Útflutningsgjald af einstökum förmum getur numið verulegum fjárhæðum, svo að valdið getur útflytjendum verulegum erfiðleikum að þurfa að standa skil á því við útflutning, oft talsverðum tíma áður en andvirði afurðanna kemur til skila. Verulegar breytingar hafa verið gerðar á meðferð og afgreiðslu útflutnings-skjala undanfarið, í því skyni að greiða fyrir skilum til lánveitenda og eigenda afurðanna. Hefur gjaldreyrisskilanefnd á vegum viðskiptaráðuneytisins og gjaldreyrisbankanna óskað eftir, að gerð sé sú breyting á innheimtunni, sem felst í 10. gr. frumvarpsins, og telur nefndin það nauðsynlegt til þess að greiða fyrir framkvæmd umræddra breytinga.

Enda þótt ekki sé dregið í efa, að umrædd breyting sé æskileg, þykir rétt að lögfesta um þetta heimildarákvæði, þar sem jafnframt þarf að tryggja greiðslugetu Tryggingasjóðs fiskiskipa.

Um 13. gr.

og ákvæði til bráðabirgða.

Í samræmi við ákvæði annarra laga, sem sett eru af tilefni gengisbreytingarinnar, eru skilin milli nýs og fyrra gjalds og gengis sett milli framleiðslunnar til og með 14. nóvember og framleiðslunnar frá og með 15. nóvember. Af afurðum, sem undanþegnar eru kvöð um að láta af hendi gengismun, verður þó að reikna verðmætisgjald á nýja genginu, í stað þess að tilsvarendi álag á gjaldið fái frá gengishagnaðarsjóði. Engu að síður reiknast gjaldið eftir reglum laga nr. 53 2. maí 1968, þannig t. d. að niðursuðuvörur eru undanþegnar gjaldinu.

Undanþága gjalds af söltuðum grásleppuhrognum er til staðfestingar á vilyrði, sem gefið var á síðasta veiðitímabili með tilliti til hins stórfellda verðfalls á þeirri afurð.

Um III. kafla

Í 4. gr. laga nr. 74/1968, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu er gert ráð fyrir, að fé það, sem kemur af gengishagnaði af sölu útflutningsafurða, sem voru í birgðum 15. nóvember 1968, skuli fært á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Skal ráðstafa fé þessu með sérstökum lögum og fjallar þessi kafla frumvarpsins um þá ráðstöfun.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja um birgðir sjávarafurða, mun mega áætla, að andvirði þeirra geti numið alls um 1000 millj. kr. Er þá skreið ekki með talin, samanber það sem um það segir síðar. Gengismunur af þessum birgðum mundi nema um 540 m.kr. Við þetta bætist gengismunur af andvirði útfluttra en ógreiddra afurða, sem áætlaður er 200 m.kr. Heildarupphæð gengismunar mundi samkvæmt þessu vera um 740 m.kr., og er þá gert ráð fyrir, að það söluverð haldist, sem nú er áætlað.

Um 14. gr.

Áður en kemur til að ráðstafa fé í gengishagnaðarsjóð, sbr. 16. gr., skal greiða nokkra liði af fyrrgreindum mismun. Er þar fyrst um að ræða hækkanir, sem verða

á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning birgðanna, eins og segir í a-lið.

Samkvæmt b-lið er áætlað að greiða allt að 30 m.kr. í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins til greiðslu verðbóta vegna framleiðslu frystra fiskafurða á árinu 1968. Snemma á þessu ári var svo samið milli samtaka frystihúsanna og ríkisstjórnarinnar, að sett skyldi verðtrygging, er næmi helmingi verðlækkunar á frystum fiskafurðum á yfirstandandi ári. Síðar á árinu var þessu breytt þannig, að verðtryggingin næmi 75% af verðlækkun á framleiðslu eftir 1. ágúst. Stafaði þessi hækkun verðtryggingarinnar af allverulegri verðlækkun á frystum fiski, sem orðið hafði frá því verðtryggingin hafði verið ákveðin fyrir á árinu. Með því fé, sem þegar er til í Verðjöfnunarsjóði, sem er nálægt 36 m.kr., ætti þetta að nægja til að uppfylla þessar skuldbindingar.

Saltfiskframleiðslan hefur lent í allmiklum erfiðleikum á þessu ári, sem stafar m. a. af mjög aukinni framleiðslu, sem að allverulegu leyti er til orðin úr hráefni, sem annars hefði verið verkað í skreið. Sala hins aukna magns gekk ekki eins greiðlega og meðan framleiðsla var minni, og skapaði það margvíslegan aukinn kostnað. Auk þess varð að þurka óvenju mikið magn og fæst fyrir það óhagstæðara verð en óverkaða fiskinn. Með tilliti til alls þessa var það fyrirheit gefið að greiða saltfiskframleiðendum nokkurn styrk vegna þessarar framleiðslu og hefur verið áætlað, að það gæti numið allt að því 40 m.kr., sem er gert ráð fyrir í c-lið þessarar greinar.

Saltsildarframleiðslan verður vegna gengisbreytingarinnar fyrir meiri kostnaðarauka en aðrar greinar yfirleitt á framleiðslu afurða, sem taldar eru framleiddar fyrir 15. nóvember. Stafar þetta af upphitunarkostnaði geymsluhúsa og aksturskostnaði, sem eru veigamiklir kostnaðarliðir í þessari framleiðslu. Hefur því þótt rétt að ætla nokkra upphæð til að hjálpa framleiðendum að mæta þessum kostnaði (d-liður).

Rekstur togaranna hefur verið erfiður á þessu ári svo sem verið hefur undanfarin ár. Hefur hér verið gert ráð fyrir í e-lið að greiða til þeirra sem rekstrarstyrk kr. 20 m.kr. í viðbót við það, sem ríkissjóður hefur þegar greitt á þessu ári.

Loks er svo í f-lið gert ráð fyrir greiðslu útflutningsgjalda af mismun þeim, sem kemur af hinu gamla gengi og hinu nýja, og mun það skiptast á sama hátt og gert er ráð fyrir í gildandi lögum um útflutningsgjald, sem sett voru á s. l. vori.

Gera má ráð fyrir, að greiðsla samkvæmt þessum liðum öllum geti numið um 190 m.kr. Myndu samkvæmt því um 550 m.kr. geta runnið til gengishagnaðarsjóðs og skiptast í samræmi við ákvæði 16. gr.

#### Um 15. gr.

Vegna borgarastyrjaldarinnar í Nígíeríu hafa orðið sérstakir erfiðleikar á sölu skreiðar. Í þessari grein er lagt til, að gengismismunur vegna skreiðar verði lagður til hliðar og honum verði síðan ráðstafað til styrktar skreiðarframleiðendum. Hefur fallið mikill kostnaður á eigendur þessara skreiðarbirgða, sem eru allt frá árinu 1966, en mest frá árinu 1967. Auk þess má gera ráð fyrir, að selja verði birgðirnar á lægra verði en það lágmarksverð er, sem gilt hefur til útflutnings, ef unnt á að vera að selja þær, en á því er nú orðin brýn nauðsyn. Erfitt er að áætla, hversu mikill gengismunurinn gæti orðið. Ef hann næmi meiru en því, sem talið væri að þyrfti til að bæta skreiðarframleiðendum tjónið samkvæmt framansögðu, verður að vera ákvæði um, hvernig afganginum skuli ráðstafað. Hér er gert ráð fyrir, að hann renni í gengishagnaðarsjóð.

#### Um 16. gr.

Í a-lið þessarar greinar er gert ráð fyrir, að rúmlega þriðjungur sjóðsins renni til greiðslu gengistaps vegna erlendra skulda fiskiskipa. Mundi með því vera unnt að greiða allt að helmingi gengistapsins og er þá við það miðað, að hlutfallslega mest sé greitt vegna hinna stóru og dýru skipa, sem keypt hafa verið síðustu árin,

en minnkandi eftir því sem skip eru eldri og minna er ógreitt af lánnum. Þá þótti eðlilegt, að sildarflutningaskip kæmu undir þetta ákvæði.

Hentugast þykir, að stjórn Fiskveiðasjóðs annist framkvæmd þessara greiðslna, en nauðsynlegt verður, að sjávarútvegsmálaráðuneytið setji um það reglur, hvernig greiðslunum skuli hagað, og verði Landssambandi íslenskra útvegsmanna gefinn kostur á að fjalla um málið, áður en slíkar reglur eru settar.

Þá er samkvæmt b-lið ætlaður hluti til greiðslu afborgana og vaxta af stofnlánnum síldveiðiskipa. Við verðlagningu bræðslusíldar á s. l. sumri gaf ríkisstjórnin fyrirheit um þetta til útvegsmanna. Verður að setja reglur um framkvæmd þessara greiðslna og er eðlilegt, að L.Í.Ú. gefist kostur á að fjalla um það mál.

Svipað er að segja um ákvæði í c-lið þessarar greinar, að því er stuðning til síldarverksmiðjanna áhrærir. Um það voru einnig gefin fyrirheit við verðlagningu á s. l. sumri. Eðlilegt er einnig hér að leita umsagnar fulltrúa síldarverksmiðjanna.

Á s. l. vetri skipaði sjávarútvegsmálaráðherra nefnd manna til þess m. a. að gera tillögur um aðgerðir vegna þeirra breytinga, sem orðið höfðu á síldveiðunum á árinu 1967, þar sem allar veiðar um sumarið fóru þá fram í mikilli fjarlægð frá landinu. Var það álit þeirrar nefndar, að óhjákvæmilegt væri að gera ráðstafanir til að mæta þeim breyttu viðhorfum með því að geta aukið verulega síldarflutninga af fjarlægum miðum. Ríkisstjórnin var þess því mjög hvetjandi, að Síldarverksmiðjur ríkisins ykju skipakost sinn til flutninganna og varð úr, að leigt var erlent skip. Síldarverksmiðjur ríkisins töldu sér þó ekki fært að taka á sig halla, sem af þessu kynni að verða, og var því af ríkisstjórnarinnar hálfu gefið um það fyrirheit, að sannanlegur halli yrði þeim greiddur. Allmikill halli varð á rekstri leiguskipsins og þykir eðlilegt, að nú séu gerðar ráðstafanir til að veita Síldarverksmiðjum ríkisins þann stuðning, sem þeim var heitið.

Í d-lið er svo ráð fyrir, að hluti renni til Tryggingasjóðs fiskiskipa, en á honum hefur orðið mikill halli á þessu og síðasta ári vegna þess, að tekjustofn hans, sem er hluti af útflutningsgjöldum, hefur brugðizt vegna stórminnkaðs útflutningsverðmætis.

Loks er svo ráð fyrir gert í e-lið, að afgangur sjóðsins renni til Fiskveiðasjóðs og verði því fé varið til lánveitinga til holfiskvinnslu. Hefur sjóðnum verið mjög fjárvant til að geta sinnt lánveitingum til frystihúsa og annarra vinnslustöðva holfisks, sem eru raunar oft sömu vinnslustöðvarnar, og ætti með þessu að vera unnt að bæta hér úr. Er gert ráð fyrir, að sjávarútvegsmálaráðuneytið setji reglur um útlán þessa fjár.

#### Um 17. gr.

Eðlilegt þykir að fella nú úr gildi ákvæði 4. gr. laga nr. 69 25. nóvember 1967, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenskrar krónu og miðast þá gengishagnaðurinn við þá gengisskráningu, sem kom til framkvæmda 12. nóvember 1968. Er hér um að ræða afurðir, sem framleiddar voru fyrir árslok 1967. Af þeim munu nú vart aðrar afurðir vera eftir ógreiddar en skreið og síldarlýsi. Um skreiðina gilda þó sérstakar reglur samkvæmt 15. gr. þessa frumvarps.